

23. fundur skólaráðs – 21. maí 2026

Fundurinn hófst kl. 8:00

Mættir: Margrét Halldórsdóttir skólastjóri, Íris Huld Christersdóttir fulltrúi foreldra, Alma Auðunardóttir og Sigurveig Birgisdóttir fulltrúar kennara. Fulltrúar nemenda voru Aron Bergsveinsson og Steindóra María Ómarsdóttir. Hákon Steinsson annar fulltrúi foreldra, Inga Rakel Einarsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna og Arnheiður Guðmundsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins boðuðu öll forföll.

Dagskrá:

- 1. Niðurstöður vinnustaðargreiningar.** Skólastjóri gerði grein fyrir niðurstöðum vinnustaðargreiningar en hún kemur mjög vel út hjá Engidalsskóla líkt og síðustu tvö ár. Allir þættir eru vel yfir meðaltali Hafnarfjarðar.
- 2. Niðurstöður Skólapúlsins, nemendakönnun.** Skólastjóri fór yfir niðurstöðurnar sem koma vel út í öllum þáttum nema þegar kemur að hádegismatnum. Allir aðrir þættir en maturinn eru að skila jákvæðum breytingum. Mikil ánægja með að Vellíðan, einelti og tíðni eineltis eru allt þættir sem koma mælanlega mun betur út en landsmeðaltali. Áhugi og ánægja með námið er að aukast og nokkrir þættir orðnir vel mælanlegir yfir landsmeðaltali og það sama má segja um samband nemenda við kennara og samsömun við nemendahópinn. Þá er hlutfall nemenda með snjallsíma og símanotkun á skólatíma langt undir landsmeðaltali, reyndar er símanotkun á skólatíma 0 klukkustundir. Skólastjóri gerði grein fyrir því að búið væri að taka svör nemenda varðandi matinn upp á fundi með Mennta- og lýðheilsusvið sem mun funda með forsvarsmönnum Í-mats (Matarstundar).
- 3. Niðurstöður Skólapúlsins, starfsánægjukönnun.** Skólastjóri fór yfir niðurstöðurnar sem koma mjög vel út í flestum þáttum sérstaklega þegar kemur að stjórnun, ræktun mannauðs og stuðningi við kennara bæði faglega og vegna nemenda með hegðunarerfiðleika. Áhugi er fyrir því að skoða í haust með foreldrum hvernig best er að bæta upplýsingamiðlun þegar kemur að námsframvindu nemenda. Þá er tækifæri til að einstaklingsmiða kennsluna enn frekar.
- 4. Niðurstöður úr stöðu- og framvinduprófa í stærðfræði og lesskilningi.** Skólastjóri fór yfir niðurstöður bekkjanna. Það voru nemendur í 4.-7. bekk sem tóku prófin og eru allir árgangar á eða yfir landsmeðaltali í báðum greinum nema 7. bekkur sem er rétt undir.
- 5. Staða í starfsmannamálum næsta vetur.** Skólastjóri fór yfir starfsmannamál næsta skólaárs. Einn kennari lætur af störfum og er búið að ráða í þá stöðu. Tveir kennarar verða í fæðingarorlofi og er búið að ráð í þær stöður líka. Það á eftir að ráða í eina kennara stöðu en auglýsing er í loftinu. Það stefnir í að einungis 3 leiðbeinendur verði við kennslu í skólanum næsta vetur. Deildarstjóri yngsta stigs mun láta af störfum og taka við skólastjórn í tónlistarskóla fyrir austan fjall, auglýsing er í gangi til að fylla hans skarð. Það lítur ekki út fyrir að ráða þurfi fleiri

skóla- og frístundalið fyrir næsta skólaár, þó er í skoðun að auglýsa eftir frístundaleiðbeinenda í hlutastarf í félagsmiðstöðina.

a. Heimsókn í félagsmiðstöðin

Önnur mál: Enginn önnur mál voru á dagskrá að þessu sinni, skólastjóri sýndi fulltrúa foreldra ný uppgerða félagsmiðstöð.

Fundi slitið kl. 8:50